

3.03 Umsókn um mengandi starfsemi - starfsleyfi til fiskeldis

Vinnsla þessi byggir á: Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

Upplýsingar um mál

Málsnúmer: 19021218 Móttekið: 28.2.2019 11:36:19

Innskráður notandi

Nafn: Heiðdís Smáradóttir Kennitala: 1405724389
Netfang: heiddis@samherji.is Símanúmer: 4627972

Samskipti - NÝTT

Svör og athugasemdir vegna þessarar umsóknar verða sendar á eftirfarandi netfang: heiddis@samherji.is

Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Nafn	Kennitala
Samherji fiskeldi ehf	6104061060 <input type="checkbox"/>
Starfsstöð fyrirtækis	Póstnúmer
Núpar, Ölfusi	816 Ölfus
Símanúmer	
8211407	
Ábyrgðarmaður umsóknar	Sími ábyrgðarmanns
Heiðdís Smáradóttir	6609010
Netfang ábyrgðarmanns	
heiddis@samherji.is	
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Sími tengiliðs
Netfang tengiliðs	

Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Samherji fiskeldi ehf tilkynnir hér með formlega um fyrirhugaða stækkun eldisrýmis og aukningu á seiðaframleiðslu félagsins á Núpum í Ölfusi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 og lið 1.11 í 1. viðauka við lög. Fyrirhugað er að sækja um breytingu á núgildandi starfsleyfi fyrirtækisins fyrir framleiðslu á 100 tonnum af laxaseiðum og 50 tonnum af bleikjuseiðum, þar sem leyfilegt framleiðslumagn verður aukið í samtals 300 tonn af laxa- og bleikjuseiðum (magn ekki skilgreint niður á tegund). Núgildandi starfsleyfi fyrirtækisins rennur út í desember 2019. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið ágætlega síðustu árin, en nýlega varð félagið fyrir miklu tjóni þegar eldur kom upp í stöðinni (í júní 2018) og stærsta eldishúsið á Núpum (svokallað aðaleldishús) skemmdist mikið. Það hús verður endurbyggt frá grunni og verður eldisrýmið aukið í

leiðinni. Núpastöðin hefur um árabil séð stöð Samherja í Óxarfirði fyrir laxaseiðum og stöð Samherja á Vatnsleysuströnd fyrir meirihluta þeirra bleikjuseiða sem þarf í reksturinn þar. Öll framleiðsla félagsins hefur árlega verið vottuð af þriðja aðila frá árinu 2009 samkvæmt kröfum Whole Foods Market, en slík vottun gerir miklar kröfur um að eldi sé vistvænt og sjálfbært. Seiðaframleiðslan á Núpum mun fara fram með svipuðum hætti og hingað til. Framleiðslan á Núpum hefur verið á bilinu 500 þús til 1,3 milljónir seiða á ári frá 2010 og útskráð tonn á bilinu 38 til 120 tonn. Hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar miðað við núverandi eldisrými er um 150 tonn á ári. Eins og kemur fram hér að framan varð stöðin fyrir miklu tjóni í júní síðastliðnum, þegar aðaleldishús brann. Áætlað er að reisa nýtt hús á sama grunni en lengja húsið frá því sem það var um 20 metra, gólfhlötur hússins mun því stækka um 260 m². Stefnt er á að auka eldisrýmið úr 1466 m³ í um 2600 m³. Aukning eldisrýmis næst með því að reisa eldiskör í viðbyggingu og með því að skipta út eldri kerjum fyrir stærri ker. Nýjar eldiseiningar verða úr trefjaplasti líkt og eldri kerin.

Uppdrættir af staðsetningu
Fylgiskjal 1 - Uppdrættir af staðsetningu.pdf

Afrit af staðfestu deiliskipulagi
Fylgiskjal 2 - Samræmi við
núverandi deiliskipulag.pdf

Lýsið staðháttum við vinnslustað
(rekstrarsvæði)
Fylgiskjal 3 - Staðhættir.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?
Fóðurnotkun og fóðrunaraðferðir Notað verður fiskeldisfóður frá fóðurverksmiðjunni Laxá og startfóður frá Skretting og BioMar. Efni sem ráðgert er að verði notuð í eldinu verða sótthreinsiefni og hreinsiefni, sem þegar er verið að nota í dag. Samsetning fóðursins verður á þessu bili: Prótein: 42-50% Fita: 21-26% Kolvetni: 12-17% Meltanleg orka: MJ/kg: 19-20% Brúttó orka: 22-23%

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?
Fóðurnotkun mun miðast við FCR 1,0 þ.e. að það þurfi 1,0 kg fóðurs til að framleiða hvert kg af fiski. FCR síðustu árin hefur verið á bilinu 0,83 ? 1,14 en meðaltal síðustu 10 ára er 0,96. Fóðrun í kerin verður stjórnað eins og gert er í eldinu í dag, af tölvustýrðum blásturskerfum sem tengd eru við gagnagrunn stöðvarinnar. Úrvinnsla og utanumhald gagna fer fram í fiskeldis hugbúnaðinum Fishtalk eða sambærilegum. Til stendur að útbúa ný ker þannig að affall hvers kers sé sýnilegt. Þannig er hægt að fylgjast mjög náíð með fóðruninni og hámarka fóðurnýtingu. Dauðfiskur verður þá einnig fjarlægður úr kerjunum með þessu sama lagnakerfi þar sem honum er hleypt í gildirur í brunni fyrir utan kerin. Þannig verður dauðfiskur fjarlægður daglega við reglubundið eftirlit og hann nýttur í loðdýrafóður, eða honum fargað í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun lífræns úrgangs. Nýleg rannsókn (Wang et.al. 2012) gerir grein fyrir losun úrgangsefna í laxeldi og eru þær niðurstöður þeirra rannsókna notaðar til grundvallar í töflum 1 og 2. Hefðbundið fóður í eldi laxfiska inniheldur um 51% kolefni (C), 7% köfnunarefni (N) og 1,2% fosfór (P). Um 70% af kolefni er losað út í umhverfið sem ólífrænn og lífrænn úrgangur. Þetta samsvarar því að frá 300 tonna eldi eru losuð rúm 120 tonn af kolefni. Um 48% er losun vegna öndunnar, 19% af formi úrgangsefna og 30% nýtist í vöxt. Af því köfnunarefni sem er í fóðrinu losnar um 62% út í umhverfið, 38% nýtast til vaxtar, 45% er losað út á uppleystu ólífrænu formi og 15% á föstu formi sem lífrænt köfnunarefni. Um 70% af fosfór í fóðrinu er losað út í umhverfið sem lífrænn (44%) og ólífrænn úrgangur (18%). Heildarlosun lífrænna úrgangsefna á föstu formi við framleiðslu á 300 tonnum af laxa/bleikjuseiðum yrði því tæp 123 tonn (107 tonn af kolefni, 13 tonn af köfnunarefni og 8 tonn af fosfór). Samherji fiskeldi notar hugbúnaðinn Fishtalk, sem er framleiðslustýringarkerfi fyrir fiskeldisstöðvar. Slíkt kerfi auðveldar allt eftirlit með rekstrinum þar sem allar hreyfingar í stöðinni eru skráðar inn fyrir hvert ker. Fóðrun, dauði, vöxtur, flokkun, meðalvigt, hitastig, selta, súrefni og slátrun eru slegin inn í kerfið svo eitthvað sé nefnt. Kerfið er í notkun í öllum fiskeldisstöðvum Samherja fiskeldis.

Ísland skilar losun á eftirfarandi eignum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft

sem a ser stað í þeim einingum sem getnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnunum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali.
Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Fylgiskjal 4 - Greinargerð - áhrif losunar á umhverfið.pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Frárennsli stöðvarinnar rennur allt í safnker þar sem grófustu agnirnar botnfalla en vatnið er svo síað í gegn um tromlufilter áður en það fer út í skurð sem leiðir vatnið í ána Sandá. Sandá sameinast svo ánni Varmá (sem heitir eftir það Þorleifslækur) en allir lækir og ár á svæðinu renna á endanum út í Ölfusá sem er vatnsmesta á landsins með meðalrennsli um 423 m³/sek. Í þau tæp 30 ár sem fiskeldi hefur verið stundað á Núpum hefur aldrei komið fram að starfsemi þess hafi haft neikvæð áhrif á viðtakann og engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar sem tengjast losun í ána. Umhverfisstofnun hefur heldur ekki gert alvarlegar athugasemdir við starfsemina og losun lífrænna efna hefur að jafnaði verið innan marka. Seyran í settankinum er tæmd reglulega og urðuð í Álfsnesi. Dauðfiski er einnig safnað saman í sérstakt dauðfiska-ker, en það er tæmt eftir þörfum og fiskurinn urðaður. Rekstraraðili mun setja upp nýja vöktunaráætlun á frárennsli og viðtaka í samráði við Umhverfisstofnun þegar nýtt leyfi verður gefið út. Áfram verður fylgst vel með virkni hreinsibúnaðar og þess gætt að losun lífrænna efna fari ekki yfir sett mörk. Auðvelt verður að bregðast við ef niðurstöður mælast yfir mörkum. Sá möguleiki er þegar fyrir hendi að leiða frárennsli úr tromlufilter í auka settank sem þegar er til staðar og einnig er hægt að auka tíðni á losun aðal settanks.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?

Fylgiskjal 5 - Áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun.docx

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Almenn starfssemi eldisins verður áfram í samræmi við gæðahandbók Samherja fiskeldis ehf. Fyrirtækið mun halda grænt bókhald og skila inn árlega (eins og hingað til hefur verið gert). Notast verður við framleiðslustýringarkerfið Fishtalk (eða sambærilegt kerfi). Í þetta kerfi verða færðar inn allar upplýsingar um daglegan rekstur svo sem fóðrun, dauða, flokkun, innsetningu, slátrun, meðalvigtarprufur, bóluefni og margt fleira. Hægt er að skrifa út skýrslur um allt það sem hér er á undan talið, hvort sem er fyrir alla stöðina, á einstök ker eða jafnvel hópa. Þetta kerfi mun verða lykilverkfæri í öllu innra eftirliti sem og rekstri stöðvarinnar. Eins og kerfið er uppsett í dag er nýtist það sem skráningartæki á öllu því sem dagbækur fiskeldisstöðva eiga að halda utan um samkvæmt reglugerðum og er tekið fullgilt sem slíkt. Stöðin er með virka vöktunaráætlun sem verður endurskoðuð í samráði við Umhverfisstofnun þegar nýtt leyfi verður gefið út.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Sýnt hefur verið fram á að óétið fóður hefur hvað mest áhrif á losun lífrænna efna. Fóður er einnig kostnaðarsamasti þátturinn í eldinu og því verður allt gert sem hægt er til að lágmarka soun á fóðri. Dauðfiskur og seyra var áður fjarlægt reglulega og nýtt í áburð, en eftir að fyrirtækið sem sá um það hætti rekstri, hefur sá úrgangur verið urðaður í Álfsnesi og ekki hefur tekist að fá einhvern til að nýta seyruna. Fyrirtækið mun áfram halda áfram að leita leiða til að koma þeim úrgangi í einhverskonar nýtingu.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Einungis er gert ráð fyrir notkun hreinsiefna við þrif á kerjum (aðallega útþynnt klór) að öðru leiti er allri efnanotkun haldið í lágmarki og aldrei eru notuð nein lyf í eldinu. Lista yfir öll efni sem notuð eru í eldinu er að finna í grænu bókhaldi.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Frárennsli stöðvarinnar rennur í safnker þar sem grófustu agnirnar botnfalla en vatnið er svo síað í gegn um tromlufilter áður en það fer út í skurð sem rennur í ána Sandá. Sandá sameinast svo ánni Varmá en allir lækir og ár á svæðinu renna á endanum út í Ölfusá sem er vatnsmesta á landsins með meðalrennsli um 423 m³/sek. Seyran í settankinum er tæmd reglulega og urðuð í Álfsnesi. Dauðfiski er einnig safnað saman í sérstakt dauðfiska-ker, en það er tæmt eftir þörfum og fiskurinn urðaður.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Gerð er grein fyrir mögulegum sammögnunaráhrifum í greinargerðinni um áhrif losunar á umhverfið (fylgiskjal 4)

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar

Sýniseintak:

<http://mast.is/library/Upplýsingar/vidbragdsaaetunbradamengun.pdf>

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar

Sýniseintak:

http://mast.is/library/Upplýsingar/http___eur-lex.europa.pdf

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Samherji fiskeldi ehf áformar stækkun eldisrýmis og aukningu á seiðaframleiðslu félagsins á Núpum í Ölfusi. Heildar framleiðslumagn á laxa og bleikjuseiðum verður aukið úr 150 tonnum í 300 tonn á ári.

Aðaleldishús sem skemmdist í bruna í júní síðastliðnum verður endurbyggt og gólfhlötur hússins stækkaður um 260 m². Stefnt er á að auka eldisrýmið um c.a. 1000 m³. Sú aukning næst að einhverju leyti fram með stækkun hússins og meira rými fyrir ker en aðallega felst aukningin í því að skipta út eldri kerjum fyrir stærri einingar. Frárennslisvatn stöðvarinnar verður hreinsað með sama hætti og hingað til, með settanki og tromlufilter áður en það rennur út í viðtaka og ný vöktunaráætlun verður útbúin samhliða gerð nýs starfsleyfis í samráði við Umhverfisstofnun.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Varðandi rekstrarstöðvun, þá fylgir þar kafli úr gæðahandbók Núpa sem nær yfir bæði varanlega og tímabundna rekstrarstöðvun. Einnig er eitt og sama skjalið (kafli úr gæðahandbók) sem nær yfir áhættumat og viðbragðsáætlun. Ekki er til deiliskipulag fyrir iðnaðarreitinn þar sem Núpar standa. En viðhengið sýnir að framkvæmdin er í samræmi við núverandi aðal- og deiliskipulag.

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvuna

Fylgiskjal 6 - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.pdf Fylgiskjal 6 - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.pdf

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvuna

Fylgiskjal 6 - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.pdf Fylgiskjal 6 - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004

Fylgiskjal 7 - Frjáls ábyrgðartrygging staðfesting.pdf

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda

Fylgiskjal 8 - Áhættumat og viðbragðsáætlun.pdf

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda

Fylgiskjal 8 - Áhættumat og viðbragðsáætlun.doc

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Fylgiskjal 9 - ITÍ0609 Úttekt á efnabókhaldi.pdf

Viðbótargögn

Fylgiskjal 10 - Staðsetning önnur útgáfa.pdf